

4. gr.

Fyrning bótaréttar.

Bætur slysatrygginga almannatrygginga eru sjúkrahjálpar, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

Bætur vegna sjúkrahjálpar, dagpeninga og dánarbætur skal aldrei úrskurðað lengra aftur í tímann en tvö ár frá þeim tíma þegar slysið var tilkynnt til Tryggingastofnunar. Tímamark þetta gildir ekki að því er varðar slysalífeyri. Krafa um endurgreiðslu reikninga vegna sjúkrahjálpar fyrnist á fjórum árum.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði samkvæmt 2. ml. 2. mgr. 23. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og taka þegar gildi.

Tryggingastofnun ríkisins, 15. október 1999.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.

AUGLÝSING**um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorporkustöð Vestmannaeyja.**

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorporkustöð Vestmannaeyja, kt. 580298-2309. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. nóvember 2003.

Reykjavík, 19. október 1999.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Davíð Egilsson
forstöðumaður.

AUGLÝSING**um deiliskipulag í Reykjavík.**

Háskóli Íslands, austursvæði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 28. september 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir Háskóla Íslands, austursvæði.

Uppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. október 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.